

XIV. þing Félags Íslenskra Lyflækna á Egilsstöðum 9.-11. júní 2000

FÉLAG ÍSLENSKRA LYFLÆKNA HEILSAR NÝRRI ÖLD með því að halda þing sitt, hið 14. í röðinni á Austurlandi.

Þing félagsins hafa frá upphafi verið kærkominn og verðugur vettvangur, þar sem mönnum hefur gefist tækifæri til þess að kynna rannsóknir sínar á hinum ýmsu sviðum lyflæknisfræðinnar og leggja þær undir dóm kolleganna. Um leið gefst hinum almenna þátttakanda kostur á að kynnst því sem er efst á baugi í fræðunum hverju sinni.

Á Egilsstaðapönginu verða nýjustu rannsóknaniðurstöður kynntar í 81 erindi og á sex veggspjöldum. Að venju verða veitt verðlaun fyrir framúrskarandi rannsókn og erindi ungs læknis og fyrir besta framlag stúdents.

Á undanföllum þingum hefur skapast sú hefð að bjóða íslenskum læknum, sem eru að gera garðinn frægan erlendis, að halda gestafyrirlestur. Að þessu sinni varð fyrir valinu dr. med. Guðmundur Jóhannsson, Gautaborg, en hann mun fjalla um þýðingu vaxtarhormóns hjá fullorðnum.

Notkun rafrænnar sjúkraskrár fer ört vaxandi í heilbrigðiskerfinu. Því er það við hæfi að á þessu þingi verður sérstakt málþing um þetta mikilvæga efni. Þá er einnig við hæfi að minnst þess að það var einmitt á Egilsstöðum að upphaf raf-



rænnar sjúkraskráningar hér á landi átti sér stað fyrir tæpum aldarfjórðungi eða árið 1976 með Egilsstaðarannsókninni, sem svo var kölluð.

Að vanda verða á vettvangi þingsins sýningarbásar, þar sem hin ýmsu lyfjafyrirtæki kynna úrval lyfja, sem þeir hafa upp á að bjóða. Ljúft og skylt er að þakka þeim fyrir þeirra framlag.

En lífið er ekki bara vinna og vísindi. Að afloknum degi með stífri vísindadagskrá liggur leiðin með Lagarfljótsorminum í Atlavík og Hallormsstaðaskóg, þar sem gefst tækifæri til þess að slaka á og njóta kyrrlátrar fegurðar íslenskrar náttúru.

Hittumst heil á Egilsstöðum.

ÁSTRÁÐUR B. HREIÐARSSON
formaður
Félags íslenskra lyflækna

Fylgirit 38 86. árg. Júní 2000

Aðsetur:

Hlíðasmári 8, 200 Kópavogi

Útgefandi:

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Símar:

Læknafélög: 564 4100
Læknablaðið: 564 4104
Bréfsími (fax): 564 4106

Læknablaðið á netinu:

<http://www.icemed.is/laeknabladid>

Ritstjórn:

Emil Sigurðsson
Hannes Petersen
Hildur Harðardóttir
Karl Andersen
Vilhjálmur Rafnsson ábm.
Netfang: journal@icemed.is

Ritstjórnarfulltrúi:

Birna Þórðardóttir
Netfang: birna@icemed.is
(Macintosh)

Auglýsingastjóri og ritari:

Ragnheiður K. Thorarensen
Netfang: raghn@icemed.is
(PC)

Blaðamaður, umbrot:

Pröstur Haraldsson
Netfang: throstur@icemed.is
(Macintosh)

Upplag þessa heftis: 1.700

Áskrift: 6.840,- m.vsk.

Lausasala: 684,- m.vsk.

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á raf-rænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild án leyfis.

Prentun og bókbund:

Prentsmiðjan Grafík hf.,
Smíðjuvegi 3, 200 Kópavogi

Pökkun:

Plastpökkun, Skemmuvegi 8,
200 Kópavogi.

ISSN: 0023-7213

Stjórn Félags íslenskra lyflækna

Ástráður B. Hreiðarsson formaður
Þórður Harðarson ritari
Ásgeir Jónsson gjaldkeri
Runólfur Pálsson
Sigurður Guðmundsson
Sigurður B. Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri þingsins

Birna Þórðardóttir